

**Ávarp Jóns Atla Benediktssonar, rektors Háskóla Íslands, á  
málþingi um jafnrétti í Háskóla Íslands, Litla-Torgi, miðvikudaginn**

**18. október 2017 kl. 14.00-15.30**

Kæra samstarfsfólk og stúdentar / góðir gestir.

Það er mér mikil ánægja að fá að segja fáein orð á þessu málþingi um jafnrétti í Háskóla Íslands. Málþingið er liður í Jafnréttisdögum Háskóla Íslands sem voru settir hér á Háskólatorgi 9. október sl. og standa með fjölbreyttri og glæsilegri dagskrá allt til 20. október nk.

Tilfni málþingsins er útkoma skýrslunnar „Staða og þróun jafnréttismála við Háskóla Íslands“. Skýrslan var unnin að beiðni jafnréttisnefndar háskólaráðs og ráðs um málefni fatlaðs fólks og á grundvelli jafnréttisáætlunar Háskóla Íslands fyrir tímabilið 2013-2017. Þar er kveðið á um að gerð skuli úttekt á stöðu og þróun jafnréttismála við Háskóla Íslands á fjögurra ára fresti. Þetta er í fjórða sinn sem slík úttektarskýrsla er unnin og er þetta verklag, þar sem stefnumörkun, framkvæmd og eftirfylgni haldast í hendur í þágu stöðugra umbóta, til fyrirmyndar.

Segja má að skipulegt jafnréttisstarf hafi hafist fyrir alvöru við Háskóla Íslands fyrir um tveimur áratugum síðan, en jafnréttisnefnd

háskólaráðs var fyrst skipuð árið 1998 og fyrsta formlega jafnréttisáætlun Háskóla Íslands leit dagsins ljós árið 2000. Mikið starf hefur verið unnið í þessum málaflokki við Háskóla Íslands á umliðnum 20 árum og er óhætt að segja að jafnréttismál hafi öðlast sess sem miðlægur þáttur í starfseminni og að jafnréttisstarf standi nú með miklum blóma, jafnt í kennslu, rannsóknum, stjórnsýslu og stoðþjónustu. Svo dæmi séu tekin er jafnréttisnefnd háskólaráðs ein af fastanefndum ráðsins, auk þess sem starfræktar eru jafnréttisnefndir á öllum fræðasviðum, í sameiginlegri stjórnsýslu og á vettvangi Stúdentaráðs. Þá starfar jafnréttisfulltrúi við Háskólann í fullu starfi og til að undirstrika mikilvægi jafnréttismála fyrir Háskólann í heild sinni, hefur verið ákveðið að jafnréttisfulltrúinn verði framvegis hluti af starfsteymi rektorsskrifstofu. Með því móti er jafnréttismálunum gefið enn meira vægi við háskólann en verið hefur. Einnig er starfrækt við Háskólann öflug starfs- og námsráðgjöf sem þjónustar sístækkandi hópi nemenda með margvíslegar sérþarfir og einnig ráð um málefni fatlaðs fólks. Endurskoðaðar verklagsreglur um kynferðislegt og kynbundið ofbeldi voru samþykktar í háskólaráði í september síðastliðnum og nýtt fagráð sett á laggirnar. Þá er í undirbúningi sérstakt viðbragðsteymi vegna eineltis og ofbeldis, auk þess sem unnið er að mótun fjölskyldustefnu fyrir Háskólann. Á Menntavísindasviði, Félagsvísindasviði og Hugvísindasviði eru

starfandi sterkar rannsóknastofnanir á sviði jafnréttismála, auk þess sem jafnrétti er rannsóknarviðfangsefni hóps kennara. Við Háskóla Íslands er starfræktur alþjóðlegur jafnréttisskóli undir merkjum Háskóla Sameinuðu þjóðanna og í boði eru námsleiðir og námskeið í kynjafræði, fötlunarfræði, menningarfræði, fjölmeningarfræðum og skyldum greinum, auk sérstakrar diplómanámsleiðar fyrir fólk með þroskahömlun. Þá líður vart sú vika að ekki séu í boði opnir fyrirlestrar, málþing eða ráðstefnur sem með einum eða öðrum hætti tengjast jafnréttismálum og má í því sambandi nefna Jafnréttisdagana sérstaklega. Síðast en ekki síst fer fram fjölbreytt og gróskumikið grasrótastarf á sviði jafnréttismála víða í háskólasamfélaginu, ekki síst að frumkvæði nemenda. Þessi upptalning er fjarri því að vera tæmandi, en hún gefur nokkra mynd af því gróskumikla jafnréttisstarfi sem fram fer innan Háskóla Íslands.

Það er skýr vitnisburður um eindreginn vilja háskólasamfélagsins til jafnréttis að jafnrétti er eitt af þremur grunngildum Háskóla Íslands, en í stefnu Háskólans 2016-2021 stendur: „Jafnrétti er leiðarljós í starfi skólans og grundvöllur fjölbreytni og virðingar í háskólasamfélaginu.“

Á umliðnum tuttugu árum hefur jafnréttisstarfið við Háskóla Íslands ekki aðeins vaxið að umfangi og eflst, heldur hefur það einnig

þroskast og áherslur breyst. Þetta kemur ljóslega fram í skýrslunni sem er umfjöllunarefni okkar hér í dag, en eitt það fyrsta sem vekur eftirtekt við lestur hennar er hversu umræðan hefur færst frá tiltölulega einhliða áherslu á jafnrétti kynjanna til sífellt fjölbreyttari orðræðu um jafnrétti í víðum og fjölbreyttum skilningi. Vissulega hafði þetta stef, „jafnrétti í víðum skilningi“, þegar borið á góma í síðustu jafnréttisáætlunum, en það er samt ekki fyrr en nú sem það kemur fram af fullum þunga sem ápreifanlegur veruleiki. Þannig er í skýrslunni um stöðu og þróun jafnréttismála við Háskóla Íslands fjallað ítarlega um málefni margvíslegra minnihlutahópa, s.s. fólks sem á við fötlun að stríða, fólks af erlendum uppruna og innflytjenda, fólks með ólíka kynhneigð, kynvitund og kynhegðun, fólks með ólíkan félagslegan bakgrunn o.s.frv. Út frá sjónarhóli þessara minnihlutahópa er kastljósinu jafnframt beint að hinum þöglu meirihlutahópum og forréttindi þeirra skoðuð á gagnrýninn hátt. Er þetta eitt meginstef skýrslunnar.

Í þessu öllu felst sannarlega ekki að baráttan fyrir jafnrétti kynjanna heyri sögunni til. Skýrslan sýnir hins vegar að landslagið er orðið flóknara en áður. Þetta gildir einnig um umræðuna um kynjajafnrétti, en í skýrslunni er t.d. bent á að á sama tíma og karlar eru enn í meirihluta í efsta þrepi akademíska metorðastigans meðal prófessora og formanna nefnda, eru konur orðnar ríflega tveir þriðju hluti alls nemendahópsins og hefur bilið á milli kynjanna

heldur aukist en hitt á síðustu árum. Þá er kynbundið námsval ennþá nokkuð áberandi.

Sé horft á málið í sögulegu ljósi má segja að þessi þróun í átt að auknum margbreytileika sé í raun eðlilegur fylgifiskur þeirra miklu breytinga sem orðið hafa á íslenskri samfélagsgerð almennt og þróun Háskóla Íslands sérstaklega, en skólinn hefur á aðeins tveimur til þremur áratugum breyst frá því að vera tiltölulega staðbundinn íslenskur þjóðskóli yfir í að vera alþjóðlegur rannsóknaháskóli með á 14. hundrað nemendur með erlent ríkisfang og yfir 130 erlenda starfsmenn.

Í skýrslunni kemur skýrt fram að samhliða aukinni áherslu á jafnrétti í víðum skilningi hafa sprottið fram ný viðfangsefni og nýjar áskoranir á sviði jafnréttismála sem við höfum eðli máls samkvæmt ekki alltaf tilbúin svör við. Við lestur skýrslunnar, einkum síðari hluta hennar sem byggir á eigindlegum gögnum og rýnihópaviðtölum, er raunar ekki laust við að greina megi vissa óþreyju hinna ýmsu minnihlutahópa innan háskólasamfélagsins um úrbætur á sínum högum og virðast óleystu verkefni jafnvel hrannast upp. En þetta er alls ekki óeðlilegt, því eins og í allri þekkingarleit er það svo að eftir því sem við vitum og gerum meira, því betur gerum við okkur jafnframt grein fyrir því hvað við vitum lítið og eigum enn margt ógert. Það er einmitt þessi skapandi

óþreyja, sem oftar en ekki er drifin áfram af yngstu meðlimum háskólasamfélagsins, stúdentum og nýjum kennurum, sem er drifkraftur breytinga og framfara sem á endanum munu reynast okkur öllum til góðs og gera háskólasamfélagið farsælla. Í lok skýrslunnar eru settar fram ýmsar ábendingar og tillögur sem varða veginn til framtíðar og mikilvægt er að ræða og leiða til lykta á næstu misserum.

Góðir gestir. Ég ætla ekki að lengja dagskrána frekar en orðið er, en vil að lokum þakka höfundum skýrslunnar, þeim Hrafnhildi Snæfríðar- og Gunnarsdóttur, Guðnýju Gústafsdóttur og Ásdísi Aðalbjörgu Arnalds, fyrir afar vandaða vinnu sem er studd traustum gögnum og rökum og fræðilega vel ígrunduð. Rektorsembættið styrkti gerð skýrslunnar og það er ánægjulegt að sjá hversu vel þeim fjármunum var varið.

Takk fyrir.